

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1666****2020/EES/5/19****frá 24. júní 2019**

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar skilyrði fyrir vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 77. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót reglum um framkvæmd opinbers eftirlit af hálfu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna með vörum sem koma inn í Sambandið til að sannprófa samræmi við löggjöf Sambandsins um landbúnaðar- tengda matvælakeðju.
- 2) Í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 eru tilgreindir þeir flokkar vara sem falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðinni þar sem þær koma fyrst inn til Sambandsins. Þessar vörur eru m.a. afurðir úr dýraríkinu, kímefni, aukaafurðir úr dýrum og matvæli sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu („samsettar afurðir“).
- 3) Þegar sendingar af tilteknum vörum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, eru fluttar inn til Sambandsins er í tilteknum tilvikum kveðið á um það í löggjöf Sambandsins að vakta skuli flutning þeirra frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað og komu þeirra á viðtökustaðinn í Sambandinu til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.
- 4) Í tilskipun ráðsins 97/78/EB ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur sem gilda um skipulagningu heilbrigðiseftirlits með dýraafurðum sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum og skilyrði sem varða flutning afurða sem skal vakta samkvæmt löggjöf Sambandsins frá skoðunarstöð á landamærum á komustað til starfsstöðvar á viðtökustað. Í þessum reglum er m.a. kveðið á um að sendingar af slíkum vörum skuli sendar frá skoðunarstöð á landamærum á komustað til starfsstöðvar á viðtökustað, undir eftirliti lögbærs yfirvalds, í lekapéttum ökutækjum eða ílátum sem lögbæra yfirvaldið innsiglaði.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 255, 4.10.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 281/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum (Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9).

- 5) Að því er varðar tiltekna aukaafurðir úr dýrum, sem eru ekki ætlaðar til manneldis, er þar að auki gerð sú krafa í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽³⁾ að sendingar af slíkum aukaafurðum séu fluttar í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í tilskipun 97/78/EB. Þessar aukaafurðir úr dýrum eru m.a. tiltekið blóð og blóðafurðir, gæludýrafóður, annað en hrátt gæludýrafóður, brædd fita sem er flutt inn til tiltekinnar notkunar utan fóðurferlisins fyrir alidýr, horn og hornafurðir, að undanskildu hornamjöli, og afurðir úr hófum og klaufum, að undanskildu mjöli úr hófum og klaufum, sem eru ætlaðar til framleiðslu á lífrænum áburði eða jarðvegsbætum.
- 6) Í lögum Sambandsins er einnig kveðið á um vöktun á sendingum af óflegnum, villtum loðveiðidýrum í samræmi við reglur um framkvæmd tiltekinn opinbers eftirlits, sem mælt er fyrir um í samræmi við b-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, og í samræmi við reglur um viðbótarlýðheilsuskilyrði vegna vara úr dýraríkinu og matvæla sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu („samsettar afurðir“), sem eru upprunnar í Sambandinu og fara þangað aftur eftir að þriðja land hefur synjað um innflutning, sem mælt er fyrir um í samræmi við h-lið 1. mgr. 77. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.
- 7) Tilskipun 97/78/EB var felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2017/625 frá og með 14. desember 2019. Því er rétt að mæla fyrir um reglur um vöktun á flutningi og komu sendinga af tilteknum vörum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað. Þessar reglur ættu að gilda þegar þess er krafist, í samræmi við löggjöf Sambandsins, að flutningur frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu og koma hans á starfsstöðina, sem er viðtökustaður, sé vaktaður.
- 8) Til að tryggja skilvirka vöktun á flutningi og komu sendinga frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, þangað til þær koma til starfsstöðvar á viðtökustað ætti að flytja vörurnar beint á starfsstöðina á viðtökustaðnum sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu.
- 9) Til að koma í veg fyrir áhættu fyrir heilbrigði dýra og fyrir lýðheilsu ætti að vakta komu vara til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvar, sem er komustöð, ætti að láta lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á starfsstöðinni á viðtökustaðnum, vita af því að vörurnar séu farnar frá skoðunarstöðinni á landamærum og séu á leiðinni til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu. Ef vörurnar koma ekki til starfsstöðvar á viðtökustað ætti lögbært yfirvald landamæraeftirlitsstöðvarinnar, sem er komustöð, og lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á starfsstöðinni á viðtökustaðnum að hefja viðeigandi aðgerð til eftirfylgni, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625, að því er varðar rekstraradilann sem ber ábyrgð á sendingunni.
- 10) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að gilda með fyrirvara um viðeigandi ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽⁴⁾ að því er varðar tolltilsjón.
- 11) Í reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 ⁽⁵⁾ eru settar almennar reglur um hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti til að tryggja samræmda beitingu á lögum Sambandsins. Af þeim sökum ætti að taka tillit til reglnanna, sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, við útreikning á frestum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 12) Reglugerð (ESB) nr. 2017/625 gildir frá 14. desember 2019. Til samræmis við það ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjóð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (endurútfegin) (Stjttð. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti (Stjttð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um vöktun á flutningi og komu sendinga af vörum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, sem eru ætlaðar til setningar á markað í Sambandinu þegar þess er krafist, í samræmi við löggjöf Sambandsins, að flutningur á þessum vörum frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, til starfsstöðvar á viðtökustað í Sambandinu sé vaktaður („sending“).

2. gr.

Skilyrði fyrir vöktun á flutningi sendinga frá landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, í Sambandinu til starfsstöðvar á viðtökustað

1. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöð, sem er komustöð, í Sambandinu skal einungis leyfa flutning sendinga til starfsstöðvar á viðtökustað, sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, ef útkoman úr opinberu eftirliti þess á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð, er jákvæð.
2. Sending, sem leyfi hefur verið veitt fyrir í samræmi við 1. mgr., skal:
 - a) innsiglið af hálfu lögbærs yfirvalds á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð,
 - b) flutt án þess að vera affermd eða skipt,
 - c) flutt beint til starfsstöðvar á viðtökustað sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu.
3. Lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð, skal tafarlaust, þegar leyfið er fengið, tilkynna lögbæru yfirvaldi, sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á starfsstöðinni á viðtökustaðnum sem er tilgreindur í samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu, gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit sem um getur í 131. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 (IMSOC), um að í kjölfar opinbers eftirlits á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð, hafi flutningur sendingarinnar til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum verið leyfður.

3. gr.

Skilyrði fyrir vöktun á komu sendinga á viðtökustað

1. Rekstraraðili sem ber ábyrgð á starfsstöð á viðtökustað skal, innan eins dags frá komu sendingarinnar, upplýsa lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á starfsstöðinni á viðtökustaðnum, um komu sendingarinnar til stöðvarinnar.
2. Lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á starfsstöð á viðtökustað, skal tilkynna lögbæru yfirvaldi landamæraeftirlitsstöðvarinnar, sem er komustöð, gegnum upplýsingastjórnunarkerfið fyrir opinbert eftirlit, um viðtöku upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. með því að fylla út III. hluta samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins.
3. Lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á starfsstöð á viðtökustað, skal inna af hendi opinbert eftirlit í þeirri starfsstöð til að tryggja að sendingar hafi komið til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum, einkum með því að athuga komuskrár viðkomandi starfsstöðvar.
4. Ef lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á starfsstöð á viðtökustað hefur ekki tilkynnt lögbæru yfirvaldi á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð, um komu sendingarinnar til starfsstöðvarinnar á viðtökustaðnum, í samræmi við 2. mgr., innan 15 daga frá þeim degi þegar flutningur sendingarinnar var leyfður í samræmi við 1. mgr. 2. gr., skulu lögbær yfirvöld framkvæma frekari rannsóknir með það fyrir augum að ákvarða raunverulega staðsetningu sendingarinnar. 5
5. Ef sending kemur ekki til starfsstöðvar á viðtökustað, í kjölfar rannsóknarinnar sem um getur í 4. mgr., skulu lögbært yfirvald á landamæraeftirlitsstöðinni, sem er komustöð, og lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á því að inna af hendi opinbert eftirlit á þeirri starfsstöð grípa til sérhverrar framfylgdaraðgerðar sem þau telja viðeigandi gagnvart rekstraraðilanum sem ber ábyrgð á sendingunni í samræmi við 138. og 139. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

4. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
